



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. Þingskjal 1268 - 733. mál.

Háskóli Íslands fagnar öllum aðgerðum Alþingis sem miða að því styrkja fjárhagslega stöðu stúdenta á þessum erfiðu tímum. Háskólinn hefur áður vakið athygli á tengslum fjárhagsvanda nemenda og fjárhagsáhyggna annars vegar og brotthvarfs frá námi hins vegar (sjá t.d. umsögn skólans um frumvarp til laga um Styrktarsjóð íslenskra námsmanna). Af hálfu Háskólans hefur ekki verið lagt mat á það hver af mögulegum úrræðum löggjafans muni nýtast nemendum best, en skólinn hefur tekið virkan þátt í að tryggja að úrræði stjórnvalda um sumarstörf og sumarnám skili tilætluðum árangri. Við útfærslu á frekari úrræðum til handa háskólastúdentum telur Háskólinn mikilvægt að leitað sé eftir og hlustað á sjónarmið háskólastudenta.

Þá er tekið undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að tryggja háskólastúdentum aðgengi að traustri geðheilbrigðisþjónustu. Fylgst hefur verið náið með innlendum og erlendum könnunum á geðheilbrigði íslenskra háskólastudenta sem sýna margar hverjar að íslenskir háskólastúdentar þjást af streitu, kvíða og þunglyndi í ríkari mæli en aðrir evrópskir háskólastúdentar (sjá einkum *Eurostudent VI*). Kannanir innan Háskóla Íslands sýna að streita og kvíði hefur aukist á meðal stúdenta eftir að COVID-19 faraldurinn skall á og þarf það ekki að koma á óvart. Á undanförunum árum hefur Háskóli Íslands gripið til ýmissa ráðstafana til að efla geðheilbrigðisþjónustu til handa nemendum skólans og hafa þær ráðstafanir nýst vel í faraldrinum. Í því samhengi má nefna að skólinn hefur ráðið tvo sálfræðinga en fyrir var einn (allir þrír eru í 50% starfi), boðið nemendum upp á tvö HAM-námskeið á hverju misseri, eflt sálfræðiþjónustu sálfræðinema og boðið upp á ný hópmeðferðarúrræði doktorsnema í sálfræði, styrkt geðfræðslu Hugrúnar og styrkt nemendur við að koma upp hugleiðsluherbergjum. Boðið hefur verið upp á þessi úrræði nemendum að kostnaðarlausu eða gegn vægu gjaldi. Þetta átak hefur vakið athygli á meðal evrópskra samstarfsháskóla, þótt það standist ekki samanburð við geðheilbrigðisþjónustu bandarískra og kanadískra háskóla sem fremstir standa. Háskóli Íslands mun áfram leita leiða til að efla geðheilbrigðisþjónustu sína og lýsir sig reiðubúinn að deila reynslu sinni með öðrum háskólum sem efla vilja geðheilbrigðisþjónustu innan sinna vébanda.

Virðingarfyllst,



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands